



Spáum 0,1% hækkun vísitölu neysluverðs milli mánaða í júlí

Hagstofan birtir júlímælingu vísitölu neysluverðs (VNV) mánudaginn 23. júlí n.k. Hagfræðideild Landsbankans spáir 0,1% hækkun vísitölu milli mánaða. Gangi spáin eftir hækkuð ársverðbólga úr 2,6% í 2,7%.

VNV hækkaði um 0,62% milli mánaða í júní. Þetta var nokkuð yfir væntingum en opinberar spár lágu á bilinu +0,3% til +0,4%. Munurinn skýrist að langmestu leyti af því að reiknuð húsaleiga hækkaði mun meira en búist var við.

Helstu áhrifaþættir milli mánaða nú:

- Við búumst við að sumarútsölurnar á **fötum og skóm** og **húsgögnum og heimilisbúnaði** verði svipaðar og seinustu ár.
- Við gerum ráð fyrir að **flugfargjöld til útlanda** hækki með svipuðum hætti milli mánaða og seinustu tvö ár.
- **Matur og drykkjarvörur** og **ökutæki** hækka vegna smávægilegrar gengisveikingar.
- Stærsti óvissuþátturinn að okkar mati er **reiknuð húsaleiga**, en nokkuð hefur munað á birtum spám og mælingu Hagstofunnar það sem af er ári.


Spá okkar nú er óbreytt síðan í júní, enda lítið sem hefur gerst síðan þá sem myndi réttlæta breytingu þar á.

Verðbólga við markmið næstu mánuði

Bráðabirgðaspá okkar til næstu þriggja mánaða er:

- Ágú.: +0,2% milli mánaða, 2,7% ársverðbólga.
- Sep.: +0,1% milli mánaða, 2,7% ársverðbólga.
- Okt.: +0,2% milli mánaða, 2,4% ársverðbólga.


	Vægi í		Spá
	VNV	Breyting	Áhrif
Föt og skór	3,6%	-11,0%	-0,39%
Húsgögn og heimilisb.	3,9%	-1,5%	-0,06%
Aðrar vörur og þjónusta	5,8%	-0,7%	-0,04%
Ferðir og flutningar - annað	4,1%	-0,3%	-0,01%
Tómst. og menning	9,8%	-0,1%	-0,01%
Menntun	0,7%	0,0%	0,00%
Bensín og díselolía	3,4%	0,0%	0,00%
Áfengi og tóbak	2,4%	0,1%	0,00%
Heilsa	3,9%	0,5%	0,02%
Hótel og veitingast.	5,1%	0,4%	0,02%
Póstur og sími	2,2%	1,0%	0,02%
Húsn. án reikn. húsaleigu	13,2%	0,4%	0,06%
Reiknuð húsaleiga	21,3%	0,3%	0,06%
Kaup ökutækja	8,3%	0,8%	0,07%
Matur og drykkjarv.	11,2%	0,7%	0,08%
Flugfargjöld til útlanda	1,3%	20,0%	0,26%
Alls	100,0%		0,08%



Heimild: Hagfræðideild Landsbankans




Vísitala neysluverðs




Heimild: Hagstofa Íslands

Mánaðarbreyting VNV í júlí




Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

Verðbólguþpár




Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

Föt og skór




Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

Reiknuð húsaleiga



Vísitala íbúðaverðs á höfuðborgarsvæðinu er þriggja mánaða hlaupandi meðaltal, tafir um einn mánuð. Júlí til októ. 2018 er spá Hagfræðideildar
Heimild: Hagstofa Íslands, Þjóðskrá, Hagfræðideild

Flugfargjöld til útlanda



Júlí til októ. 2018 er spá Hagfræðideildar
Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfræðideild @landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.